

Áfangaskýrsla fyrir þróunarverkefnið
„Nú skal segja“
Stráka og stelpumening í leikskólanum
Þróunarverkefni í leikskólanum Geislabaugi

Markmið verkefnisins:

Að gera kennara Geislabaugs meðvitaðri um jafnrétti kynjanna í uppeldi barnanna

Að skoða hvort við séum að veita stelpum og strákum jöfn tækifæri til náms

Að skoða hvernig börnin stelpur og strákar tala saman og greina undirliggjandi viðhorf þeirra hvort til annars

Að skoða hvernig leikskólinn mætir mismunandi þörfum stelpna og stráka

Að auka meðvitund kennara um viðhorf sín og hvernig þeir koma þeim á framfæri í orðum og gjörðum

Hefja upp það sem vel er gert varðandi kynjauppeldi í leikskólanum og bæta það sem miður fer

Framkvæmd verkefnisins og viðfangsefni:

Á haust dögum árið 2011 fórum við af stað með verkefnið. Byrjað var á því að stofna kjarnahóp sem heldur utanum verkefnið í leikskólanum. Í hópnum eru fjórir deildastjórar, sérkennslustjóri, aðstoðarleikskólastjóri og leikskólastjóri. Hópurinn fór í það að viðað sé upplýsingum og lesa sig til um efnið. Hópurinn tók þá ákvörðun að fyrsti veturinn færi í það að skoða starfið hjá okkur. Rýna í samskipti barna og fullorðinna og gera skráningar. Þann 20. október var fyrsti fundur með faglegum leiðbeinenda okkar Ingólfi V. Gíslasyni dósent í félagsfræði við Háskóla Íslands. Hann hélt svo fyrirlestur fyrir alla kennara leikskólans um kynjauppeldi. Verkefnahópurinn hitti svo Ingólf til skrafs og ráðagerðar á tveimur fundum í nóvember þar sem lagðar voru línurnar fyrir verkefnið. Einnig var farið í það að afla skriflegs samþykkis foreldra og kennara fyrir því að taka mætti þessar skráningar uppá myndbönd.

Allir foreldrar skrifuðu undir samþykki nema einn og er það góð og skemmtileg þátttaka.

Í desember voru haldnir 2 kynningarfundir þar sem verkefnið og framkvæmd þess var kynnt fyrir öllum kennurum leikskólans.

Hugmyndir af verkefnum sem unnar voru í samráði við Ingólf:

1. Byrja á því að horfa inn á við, líta í eigin barm. Taka uppá myndbönd t.d. fataherbergi og einum öðrum stað þar sem leikur fer fram. Horfa á myndböndin og rýna í samskiptin og leikinn.
2. Skráning á leikefnivið leikskólans. Hvað er „strákadót“, hvað er „stelpudót“ og hvað er „hlutlaust dót“ á grunvelli mats kennara.
3. Með hvað leika börnin sér. Fara strákar í „stelpudótið“ og stelpur í „strákadótið“. Allar stelpur og allir strákar?
4. Hvað er mat barnanna sjálfra? Kynja þau leikföng í samræðum við starfsfól eða sín á milli?
5. Hvaða leikföng koma börnin með á dótadegi?
6. Hvað er mat barnanna sjálfra á stöðu sinni í leikskólanum? Finnst þeim staðan vera eins og fram kom í rannsókn Jóhönnu Einarsdóttur? Eru strákarnir í hlutverki „underdog“ en stelpurnar í áhorfendaliði/liði með starfsfólkinu?
7. Hvað er sungið í leikskólanum? Hvaða mynd er þar af stelpum og strákum og almennum kynhlutverkum? Tengja börnin sig við sitt kyn í þessum söngvum? Eru strákarnir Gutti eða er Gutti kynhlutlaus? Skrásetning og greining söngva. Umræður með börnunum um persónurnar?
8. Hvað er lesið í leikskólanum? Hvað mynd er þar dregin upp af strákum og stelpum og almennum kynhlutverkum? Upplifa börnin sig í þessum hlutverkum eða er það bara eins og Njála þegar sögur fjalla um fjölskyldumynstur gærdagsins, fyrirvinnukarlinn og húsmóðurina?
9. (hljóð)upptökur við ólíkar aðstæður t.d. í matartíma og við lestur
10. Skoða hvort við tölum við annað kynið sem hóp og hitt kynið sem einstaklinga
11. Halda rannsóknardagbók.

Hvert erum við komin?

Skráning á leikefnivið: Kennarar fóru yfir allan leikefnivið á deildunum og skráðu hvað þeim fannst vera „strákadót“, „stelpudót“ og „hlutlaust dót“. Það kom fram í þessari skráningu að kennarar eru orðnir mjög meðvitaðir um að skoða hlutina með „kynjaglerauginum“ og voru nokkrir kennarar sem flokkuðu leikföng sem flestir myndu flokka sem stelpur/stráka sem hlutlausan efnivið. Umræður voru um hvort við þyrftum að gera aðra talningu og þá jafnvel telja efniviðinn eftir því hvað markaðurinn/samfélagið skilgreinir sem „stelpu/stráka dót“

Það kom einnig fram að við í Geislabaugi eigum mun minna af leikföngum sem skilgreinast sem strákadót heldur en stelpudót eða hlutlaust dót. Ræddar hafa verið leiðir til að leiðrétta það.

Skráning á því hvaða leikefnivið börnin eru að velja sér í svæðavinnu: Kennarar eru að vinna skráningu á því hvað börnin sjálf velja að leika með í svæðavinnumni. Í Geislabaugi velja börnin sér svæði (leiksvæði, listasvæði, byggingasvæði og læsisvæði) og þurfa svo að koma sér saman um það hvað verið gert á svæðinu og hvaða efniviður er notaður. Kennara ætla að skoða hvort stelpurnar leiki með „stákadót“ og hvort strákarnir leiki með „stelpudót“. Eða er þetta allt opið hjá börnunum okkar? Það á eftir að koma í ljós.

Skráning á dótadegi: Í Geislabaugi eru dótadagar einu sinni í mánuði. Þá mega börnin koma með leikfang að heiman. Við tókum myndir af barninu með leikfangið og ætlum að skoða þannig hvaða leikföng börnin eru að leika með. Hvað eru uppáhaldsleikfangið? Þessar myndaskráningar munu fara fram í vetur.



Skráning á öskudagsbúningagerð: Hér í Geislabaugi hefur skapast sú hefð að börnin búa til sína eigin Öskudagsbúninga fyrir öskudaginn.

Þetta er stórt verkefni sem getur tekið allt að 4-6 vikur og fléttast þá inn í daglegt starf hér í skólanum með aðal áherslu á skapandi vinnu.

Út frá þróunarverkefninu okkar settu við upp kynjagleraugin og gerðum mikið af skráningum, t.d með því að taka viðtöl við börnin og spyrja þau spurninga varðandi hlutverk þeirra sem persónur. Velta því upp hvort stelpur geta leikið stráka og öfugt og af hverju ekki sé hægt að fara í hlutverk hvors annars ?

Flest börnin voru á því að það væri alls ekki hægt að fara í strákahlutverk ef maður er stelpa og öfugt þetta kom skýrt fram hjá 3-4 ára hópnum. Bara alls ekki ! strákar eru strákar og stelpur eru stelpur og þau voru ekkert að rugla því en það voru samt ekki öllum sem fannst þetta en meiri parturinn. Það kom einnig í ljós að stelpurnar voru tilbúnari til þess að velja sér „stráka“ hlutverk eins og spiderman eða bósa ljósár en enginn strákur valdi sér „stelpu“ hlutverk eins og prinsessa eða Solla stírða

Ein skýring er sú að þessi hópur er ný farin að uppgötva kynin og að þau eru ólík og vilja ekkert vera að breyta því neitt eða „fantísera um það „ Meðan eldri börnin 5-6 ára voru jákvæðari fyrir hlutverkaskiptingum en samt með örlitlum trega, flissuðu meira ef þau voru spurð hvort strákar gætu leikið prinsessur svo dæmi sé tekið.



Myndbandsupptökur á deildum þar sem skoðuð eru samskipt kennara og barna, barna og barna: Núna í mars erum við að fara af stað með myndbandsupptökur í hinum ýmsu aðstæðum á deildunum t.d. við matarborð, í fataklefa og í samverustundum. Með þessu erum við að vonast eftir að geta skoðað samskipti barnanna við hvort annað og við kennara. Hvaða hugmyndir þau hafa um hlutverk kynjanna og hvort að það komi fram í daglegum samskiptum þeirra. Einnig viljum við skoða hvort að við kennararnir séum að koma eins fram við alla, hvort við gerum sömu kröfur á alla o.s.frv. Það verður spennandi að vinna úr þessum upplýsingum.

Næstu skref:

Taka upp viðtöl við börnin þar sem við könnum viðhorf þeirra til hins kynsins, kynhlutverkin o.s.frv.

Skoða hvað lesið er fyrir börnin, skoða bækurnar með kynjaglerauginum og reyna að finna út hvort og þá hvernig börnin eru að samsama sig persónum bókanna.

Skoða hvaða lög og texta verið er að kenna börnunum, hvað er verið að fjalla um í textunum og hvaða viðhorf til kynjanna koma þar fram. Hverjir velja lögin og textana sem á að kenna og hvað liggur þar að baki.

Frekar upptökur á deildum þar sem við erum að skoða samskipti og viðhorf í leik og starfi

Helstu niðurstöður:

Mikil umræða hefur farið fram í kennarahópnum undanfarið misseri um kynhlutverk, viðhorf okkar og hugmyndir um kynin. Það sem við tókum fyrst og fremst eftir í fyrstu skrefum verkefnisins er að kennarar eru orðnir mjög meðvitaðir um kynjauppeldi og hvað er „stráka“ og hvað er „stelpu“. Kennarar eru fljótari og meðvitaðri að taka eftir því sem er líkt og ólíkt með kynjunum og taka meira þátt í umræðum um jafnrétti og viðhorf til kynjanna í samfélaginu.

Við fyrstu sýn, sýnist okkur að við þurfum að bæta okkur í drengjameningunni. Hafa meiri efnivið sem höfðar til drengja og skoða leik drengjanna út frá þeirra menningu. Erum við frekar að samþykka stúlkna leiki af því að þeir eru hljóðlátari og meira lýtur að því sem okkur(konunum) finnst skemmtilegt?

Erum við að gefa ærslaleikum nógu mikið rými og erum við oftast að gagnrýna leikefni við drengjanna(t.d. vopn)?

Við eigum eftir að safna miklum upplýsingum frá börnum og kennurum sem gaman verður að rýna í og ígrunda vel.